

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Reksturssjóð björgunarskipa Slysavarnafélags Íslands“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. nóvember 1941. 215 21. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Reksturssjóð björgunarskipa Slysavarnafélags Íslands.

Sjóður þessi er stofnaður af bankaráði Landsbanka Íslands á fundi þess 14. sept. 1935 í tilefni af 50 ára afmæli bankans 18. s. m., með 50000.00 — fimmtíu þúsund — króna gjöf til Slysavarnafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Reksturssjóður björgunarskipa Slysavarnafélags Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Landsbanka Íslands eða í verðbréfum hans. Höfuðstól hans má ekki skerða.

3. gr.

Þegar Slysavarnafélag Íslands hefur eignast björgunarskip, eitt eða fleiri, sem aðeins eru notuð til björgunarstarfsemi eða á annan hátt til öryggis lífi sjófarenda, skal af ársvöxtum sjóðsins verja $\frac{1}{10}$ — níu tíundu — hlutum til styrktar rekstri slíks björgunarskips eða björgunarskipa, en $\frac{1}{10}$ — einn tíundi — hluti vaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum er leggjast við höfuðstólinn og ávaxtast með honum. Af gjöfum og áheitum er sjóðnum kunna að berast árlega, skal $\frac{1}{10}$ — níu tíundu — hlutum varið til rekstrar björgunarskipa eða björgunarskipum Slysavarnafélags Íslands, svo og $\frac{1}{10}$ — níu tíundu — hlutum ársvaxta slíkra gjafa og áheita, en $\frac{1}{10}$ — einn tíundi — hluti gjafa og áheita, svo og $\frac{1}{10}$ — einn tíundi — hluti ársvaxta af slíkum gjöfum og áheitum skal leggjast við höfuðstól sjóðsins.

Reykjavík, 21. febrúar 1941.

Í stjórn Slysavarnafélags Íslands

Guðbjartur Ólafsson. Fr. Ólafsson. Kristján Schram.

Sigurjón Ólafsson. Hafsteinn Bergþórsson.

Samþykkjum hér með hins vegar ritaða skipulagsskrá.

Reykjavík, 22. febrúar 1941.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Magnús Sigurðsson. Georg Ólafsson.